

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Kópavogstún.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Í breytingunni felst að fjöldi íbúða á byggðasvæði 15, skv. greinargerð svæðisskipulagsins (Kópavogur vestur), verður 1300 í stað 900.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2005.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Laufbrekka, Kjalarnesi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir jörðina Laufbrekku á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bjallavað 7 – 11.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 7. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, lóðirnar Bjallavað 7 – 11.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. september 2005.*

**Helga Bragadóttir.**